

LISTIR



Morgunblaðið/Kristinn

Egg Halldórs Laxness er meðal þeirra muna sem finna má á sýningunni.

Hönnun í hálföld

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur
Kjarvalsstaðir

ARNE JACOBSEN
HÖNNUN Í HUNDRAD ÁR

Sýningin er opin daglega frá kl. 10–17,
nema miðvikudaga er opið frá kl. 10–18.
Henni lýkur 17. nóvember nk.

ARNE Jacobsen telst efalítið til athyglisverðustu hönnuða og arkitekta síðustu aldar. Sem einn frumkvöðla norrænu stefunnar hafði hönnun hans afgerandi áhrif á nútímamenningu og þó að byggingarnar séu minna þekktar á alþjóðavettvangi en húsgögnin og iðnhönnunin teljast þær ekki síður mikilvægur hluti arfleifðar Jacobsen.

Listasafn Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum hýsir þessa dagana sýningu tileinkaða Jacobsen – Hönnun í hundrad ár – en öld er nú liðin frá fæðingu meistarans. Á sýningunni má sjá húsgögn og húsbúnað Jacobsen, stóla, borð, ljós, blöndunartæki og borðbúnað, auk vefnaðarvöru og ljósmynda sem gefa nokkra mynd af fjölbreytilegri hönnun Jacobsen.

Margir muna Jacobsen eru Íslendingum vel kunnir því þeir eru fáir sem ekki kannast við mjúkar, flæðandi útlínur hægindastólana eggisins og svansins, eða samfelld form stólsetu og baks í léttari og nútímalegri hönnun maursins eða sjöunnar, enda teljast stólar þessir efalítið til þekktustu verka Jacobsen. Sjálfur lét hann þau orð falla um hönnun maursins að sér hefði orðið „ljóst að fólk þurfti nýja gerð af stól í eldhúskrókinn sem er að finna í flestum nýjum húsum, lítinn, léttan og ódýran.“

Stór hópur Íslendinga hefur lagt leið sína á Kjarvalsstaði til að skoða verk hönnuðarins, en að sögn forsvarsmanna Kjarvalsstaða hefur að-

sókn að sýningunni verið með ein-dæmum. Talar það ekki bara sínu máli um vinsældir góðrar hönnunar hér á landi, heldur ekki síst um vinsældir Jacobsens sjálfs. Formræn fágun, léttleiki og sparleg efnisnotkun hans gera munina ekki síður nútímalega ásýndum í dag en er þeir fyrst litu dagsins ljós fyrir fjórutíu-fimmtíu árum.

Jacobsen var hins vegar ekki bara hönnuður húsgagna og húsbúnaðar, heldur ekki síður framsækin arkitekt er hannaði íbúðarhús, ráðhús, skóla, leikhús og hótél í anda modernismans og þennan þátt í starfi hönnuðarins vantar alfarið á sýninguna. Auknar upplýsingar, myndir, teikningar og líkón af byggingum hans hefðu óneitanlega líka aukið fræðslugildið til muna og vannýtt bakrými sýningar-salarins hefði vel rúmað slíka viðbót. Ítarlegri upplýsingar um þá muni sem sýning hefur að geyma hefðu einnig verið kærkomin viðbót, því þó þær upplýsingar sem til staðar eru séu skýrlega fram settar, hefði aukin fróðleikur einungis verið af hinu góða. Þó þau verk Jacobsens sem hér hafa verið valin til sýningar séu flestum vel kunn, eru þeir efalítið færri sem þekkja uppruna þeirra og sögu. Hversu margir vita til að mynda af hverju hinn þrífætti maur varð síðar fjórfættur?

Arne Jacobsen var óneitanlega hæfileikaríkur og afkastamikill hönnuður. Eftir hann liggja hátt í 350 verk og hefði því efalítið verið vandalaust að fjölga muninum, auk þess sem óumdeilanlegar vinsældir kalla tvímælalaust á aukna fræðslu og útskýringar. Sýning á verkum Arnes Jacobsens á ekki að vekja þá tilfinningu með sýningargestum að þeir hafi gengið inn í húsgagnaverslun.

Anna Sigríður Einarsdóttir

Kristian Jørgensen staldrar við í Reykjavík

DANSKI djassfíðuleikarinn Kristian Jørgensen staldrar við á Kaffi Reykjavík, í kvöld á leið sinni



Kristian Jørgensen

vestur um haf og hefur leik kl. 21. Kristian hefur leikið víða, bæði í Danmörku og annars staðar. Hann hefur leikið mikið með Jacob Fischer sem lék með Birni Thoroddsen á Jazzhátíð Reykjavíkur í byrjun þessa mánaðar en þá mundaði Dan Cassidy fiðluna.

Kristian Jørgensen er á leið til Bandaríkjanna með þeim Birni Thoroddsen og Jóni Rafnssyni og heldur þar tónleika á morgun. Þeir léku saman á Listahátíð fyrr á árinu og í framhaldi af því gerðu þeir geisladiskinn Jazz í Reykjavík sem er nýttkominn og var m.a. kynntur á nýafstaðinni Jazzhátíð Reykjavíkur.

Verð aðgöngumiða er 1.500 kr.

Hugleiðingar



Birtubrigói daganna er eftir Hannes Pétursson.

Í káputexta segir m.a.: „Í þessari bók birtir Hannes Pétursson safn persónulegra hugleiðinga og minningamynda. Á snjallan hátt og í hnitmiðuðu formi setur hann fram sjónarmið sem varða skáldskap, íslenska tungu, trú, þjóðlíf og margt fleira.“

Útgefandi er Bókautgáfan Katla-gil. Háskólaútgáfan annast dreifingu. Bókin er 120 bls. Verð: 2.980 kr.



SaevarKarl.is

OLIVIE®
OLVie inniheldur hátt hlutfall oleuropeins (18% hver tafila) sem virkar sem andoxunarefni í líkamanum. OLVie eflir varnir líkamans í baráttunni við flensu og sýkingar.

BIOresearch
Náttúruleg bætiefni fyrir þína vellíðan

Miklu sterkari ólífulauf!

OLIVIE®
fæst í apótekinu þínu!



SPARISJÓÐABANKI
ÍSLANDS HF.

ICE BANK LTD.

Skráning bankavíxla í Kauphöll Íslands

Nafnverð útgáfu og lánstími: Gefnir verða út 12 flokkar þar sem lánstími er 2–6 mánuðir. Fyrsti útgáfudagur verður 28. október 2002. Heildarnafnverð útgefinna flokka ræðst af markaðsaðstæðum. Stærð flokkanna verður á bilinu 100.000.000–2.000.000.000 ÍSK.

Útgefandi: Sparisjóðabanki Íslands hf.,
kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

Skráningardagur í Kauphöll Íslands: Kauphöll Íslands hefur samþykkt að taka útgefna víxla á skrá 29. október 2002, enda uppfylli þeir skilyrði skráningar. Útgáfa hvers flokks verður tilkynnt í Kauphöllinni hverju sinni.

Ávöxtunarkrafa á söludegi: Ávöxtunarkrafa ákvarðast af markaðsaðstæðum á fyrsta söludegi.

Skilmálar: Víxlarnir eru seldir gegn staðgreiðslu í 10.000.000 og 50.000.000 kr. einungum.

Umsjón með skráningu: Sparisjóðabanki Íslands hf.,
kt. 681086-1379, Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

Skráningarlýsing og önnur gögn varðandi ofangreinda þingvíxla liggja frammi hjá Sparisjóðabanka Íslands hf., Rauðarárstíg 27, 105 Reykjavík.

Sími 540 4000, myndsendir 540 4181.

Auk þess er hægt að nálgast upplýsingar á heimasíðu bankans, www.icebank.is

Heimsmeistarinn!



KitchenAid
blandarinn,
sá öflugasti og
ímynd þess besta!

Fæst í ýmsum litum. Verð
frá **kr. 11.970** stgr.

Gullverðlaunahafar íslenska
landsliðsins í matreiðslu
nota eingöngu KitchenAid
blandara og hrærivélur.

Gerðu líka kröfur
- veldu KitchenAid!



Einar Farestveit & Co. hf.
Borgartúni 28 ☎ 562 2901 og 562 2900